



29.04.2026

# Aðgerðaáætlun gegn hávaða í Reykjavík


2023-2027

**Margrét Aðalsteinsdóttir**  
Verkfræðingur

# Forsaga verkefnis

## Hávaðakortlagning 2022

- Tilskipun Evrópusambandsins um umhverfishávaða (2002/49/EC) var innleidd á Íslandi með *reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir nr. 1000/2005*
  - Kortleggja skal hávaða og útbúa aðgerðaáætlanir fyrir þéttbýlissvæði með yfir 100.000 íbúa og vegna hávaða frá stórum vegum með ársdagsumferð yfir 8.000 ökutæki (3 milljónir ökutækja á ári)
- Lokið var við kortlagningu hávaða í júní 2024
- Aðgerðaáætlun þessi þjónar hlutverki fyrir Reykjavíkurborg og íbúa ásamt því að vera skilagagn til Umhverfis- og orkustofnunar og Evrópusambandsins



Hávaðakort af Reykjavík, reiknað árið 2022 sem  $L_{den}$  í 4 m hæð yfir jörðu

**Hljóðkort fyrir Reykjavík**

# Aðgerðir síðustu 5 ár

## Hljóðvarnir

- Á árunum 2018-2023 hafa verið settar upp hljóðvarnir á þremur svæðum í Reykjavíkurborg
  - 2,5 m háir hljóðveggir við Kringlumýrarbraut
  - Miklubraut meðfram Rauðagerði hafa verið reistar margskonar hljóðvarnir.
    - 2 m hár glerveggur á stoðvegg, 2,5 m há gabionhleðsla og timburveggur
    - 3,5-4,0 m hárrar gabionhleðslu.
  - Við breiðholtbraut hefur verið reist 3,5 - 4,0 m há jarðvegsmön

## Aðgerðir síðustu 5 ár

### Byggingartæknilegar lausnir

- Reykjavíkurborg hóf árið 1997 að veita fjárfstyrki til úrbóta á hljóðvist til íbúa sem höfðu hljóðstig  $\geq 65$  dB
- Úrbótum er ætlað að draga úr þeim fjölda íbúa sem búa við óviðunandi hljóðstig innandyra þannig að hljóðstig innanhúss verði ekki hærra en 30 dB.
- Íbúðir með jafngildishljóðstig hærra en  $L_{Aeq24}$  65 dB er skipt í þrjá flokka og er fjárfstyrkur breytilegur milli flokka
- Á árunum 2018-2023 voru 130 styrkumsóknir afgreiddar með styrkjum til íbúa. Styrkir þessir náðu til um 140 íbúða og voru samtals að upphæð um 84 milljónir að meðtöldum ráðgjafagreiðslum.
- Í nýrri húsum er farið eftir reglugerð um hávaða nr. 724/2008 og Byggingarreglugerð sem vísar til staðals ÍST 45:2016



# Aðgerðir síðustu 5 ár


Umferðarstýringar og umhverfisvænir ferðamátar



- Borgin hefur á síðustu árum verið að fjölga rafmagnsdrifnum strætisvögnum
  - Lækkar hljóðstigs vegna þungra ökutækja. Árið 2023 voru um 20 af 140 vögnum strætó annaðhvort rafmagns- eða metanbílar
- Árið 2020 var tímabundnum göngugötum breytt í göngugötur og stefnt er á að fjölga varanlegum göngugötum í miðborginni
- Settar hafa verið upp þrengingar, einstefnugötur, innheimta bílastæðagjalda útvíkkuð og umferð hópþrenginganna verið takmörkuð í miðbæ Reykjavíkurborgar.
- Hlutfall virkra ferðamáta hjá 18 ára og eldri
  - 23% í síðustu könnun á ferðavenjum borgarbúa
- Hlutfallið hefur aukist frá árinu 2017 þegar það var 20%.
- Um 8% fullorðinna Reykvíkinga nota almenningssamgöngur (strætó) að staðaldri

## Aðgerðir síðustu 5 ár

- Lækkun hraða bætir öryggi, hljóðvist og stuðlar að betri lífsgæðum fyrir íbúa.
- Hraði var lækkaður í stórum hluta borgarinnar, í 30 eða 40 kílómetra á klukkustund,
- Þar sem hámarks hraði var áður 50 kílómetrar á klukkustund





## Aðgerðaáætlun 2023-2027

- Aðgerðaáætlun gegn hávaða skal uppfæra á 5 ára fresti
- Forgangsröðun aðgerða er í grófum dráttum sú að fyrst er horft til svæða þar sem engar aðrar vegaframkvæmdir eru fyrirhugaðar og hljóðstig reiknast hvað hæst
- Fyrst um sinn er því horft til svæða þar sem umferðarhávaði veldur íbúum verulegu ónæði og reiknast yfir  $L_{den} = 65$  dB, t.d. á stöðum þar sem byggð er í nágrenni við stofnbrautir.
  - Á þeim svæðum verða skoðaðar mögulegar hljóðvörnum eða lagfæringar á þegar byggðum hljóðvörnum



Svæði til skoðunar á næstu 5 árum, vesturhluti




Svæði til skoðunar á næstu 5 árum, austurhluti

## Langtíma stefnumörkun og eftirfylgni

- Lækkun hljóðstigs með (a) hljóðvörnum eða (b) byggingartæknilegum lausnum
  - a) Svæði þar sem hljóðvarnir hafi áhrif fyrir mikinn fjölda íbúa
  - b) Svæði þar sem hljóðstig utan við vegg er yfir  $Leq = 65 \text{ dB(A)}$  og ekki er auðsótt að koma fyrir hljóðvörnum
- Efling almenningssamgangna og stuðla að minni notkun einkabílsins
- Áframhaldandi styrking göngu- og hjólreiðastígakerfis
- Samhliða hækkandi eldsneytisverði og aukinni umhverfisvitund hefur notkun á hjólreiðum sem samgöngumáta aukist mikið.

## Næstu skref

- Þátttaka almennings
  - Aðgerðaáætlun kynnt íbúum
- Aðgerðaáætlun samþykkt af borgaryfirvöldum
- Útfærsla á aðgerðum
- Kostnaður og fjárveitingar
- Endurskoðun hávaðakortlagningar árið 2027 og aðgerðaáætlunar 2028



**Takk fyrir  
Spurningar?**